

# DALALÆÐAN

1.tbl. 13.árg. febrúar 2000.



Þessi mynd er ekki frá þorrablóti Dalbúa heldur teikning frá árinu 1875 og sýnir tvo erlenda ferðamenn sitja að snæðingi og skriftum í Mosfellskirkju. Ferðalangarnir hétu Gerrit Verschuur og J.C. Greive (yngri) og voru hollenskir en kirkjan er sú sama og olli harðvítugum deilum nokkru síðar þegar hún skyldi rifin niður. (Teikningin birtist í bók Frank Ponzi: *Ísland fyrir aldamót*, útg. 1995.)

## Leiðari

*Klukkan tólf, á sjálfu aldamótaaugna-  
blikinu, var fallbyssuskotum bleypt af,  
kirkjuklukkum bringt og flugeldum  
þeytt upp í loftið.*

*Ákaflega mikill mannfjöldi var við-  
staddur á Austurvelli og á ferli um bæ-  
inn – flestir bæjarmenn er fótavist  
höfðu og eigi þurfti ljóss að gæta í hús-  
unum.*

Þannig greindi samtímaheimild frá því þegar 20. öldin gekk í garð sem var þegar árið 1901 heilsaði Íslendingum. Þá var fagnað í höfuðborg landsins, Reykjavík, en engar sögur var af hátíð-  
arhöldum í Mosfellsdal þar sem aðeins var fámenn byggð á þeirri tíð.

Fyrir 100 árum velktist enginn í vafa hvenær aldmótin bar að garði en því var ekki að heilsa tæpri öld síðar. 20. öldin reyndist svo brokkgeng að fólk deilir um hvort henni sé lokið eður ei.

Þegar heimsbyggðin öll ruglast í fingraríminu sínu er gott að eiga skjól í Mosfellsdal því þrátt fyrir sviptingar heimsins er margt með kyrrum kjörum í Dalnum sem betur fer. Sagan, sveitin og náttúran er þar skammt undan og ómetanlegar hefðir og stundir hafa skapast meðal Dalbúa. Nægir þar að nefna árlegt þorrablót sem er nú á næstu grösum og áramótabrennuna sem er einstök samverustund. Um síð-  
ustu áramót komu nær allir Dalbúar saman við brennuna að venju; ekki til að syngja Aldmótaljóð eins og Reyk-  
víkingar gerðu á Austurvelli forðum tíð heldur reyndist vinsælasta lagið vera Nú er sumar!

*Bjarki Bjarnason.*

## DALALÆÐAN

1. tbl. 13. árg. Febrúar 2000

Útgefandi: Íbúasamtökin Vighóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Hlynur Helgason.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi.

Auglýsingar: Ásgerður Gísladóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

## Efni

Merkisafmæli á árinu	3
Bringnavegur	4
<i>Minning Bjarna Indriðasonar</i>	5
<i>Minning Jóhanns Kr. Jónssonar</i>	6
„Fákurinn brúni bíður þín“	7
<i>Minning Hlífur Gunnlaugsdóttur</i>	8
Landnámsjörð Mosfellinga	10
<i>Minning Þórðar Axelssonar</i>	11
Fundið Laxnes	12
Dalvísur eftir Snorra Gíslason	13
Sumarmarkaður	13
<i>Minning Andrésar G. Ólafssonar</i>	14
Rjómaveisla á Mosfelli	15
Annáll ársins 1999	Baksíða

**Bankinn er bakhjarl**



**BÚNADARBANKINN**

Mosfellsbæ, sími 566 7000

Afgreiðslutími: Mánud.–föstud. kl. 9.15–16.00

# Merkisafmæli á árinu

GUÐRÚN TÓMASDÓTTIR í Brennholti  
verður 75 ára þ. 13. apríl

SKÚLI SKARPHÉDINSSON á Röðli  
verður 70 ára þ. 18. desember

Hjónin á Norður-Reykjum II  
verða fimmtug á árinu,  
HELGA R. RAGNARSDÓTTIR  
þ. 5. febrúar  
og RÚNAR JAKOBSSON  
þ. 4. maí

AUDUR EIRÍKSDÓTTIR á Laugabóli II  
verður 50 ára þ. 17. júlí

GRÍMHILDUR HLÖÐVERSDÓTTIR frá  
Hraðastöðum IV  
verður 50 ára þ. 29. október

KOLBRÚN K. ÓLAFSDÓTTIR á Brávöllum  
verður 50 ára þ. 21. desember

**Dalalæðan óskar þessu  
ágæta fólki til hamingju!**

TANNLÆKNASTOFA  
GUÐJÓNS S. VALGEIRSSOAR

Urðarholti – Sími 566 6992

Úr – Skartgripir

**FANNAR**

**KJARNA MOSFELLSBÆ**

**Hestaleigan  
Laxnesi**

BÍLAVERKSTÆÐI  
GUÐVARDAR og KJARTANS



**Reykjabúid**

SÍMI 566 6800 – FAX 566 8089



Urðarholt 2 · 270 Mostellsbæ · Sími 566 6145 · Fax 566 6308

# Bringnavegur

Í myndbandinu *Minjar í Mosfellsdal* er greint frá svenfndum Bringnavegi sem enn sést vel móta fyrir ofan við Gljúfrastein en vegur þessi var lagður að undirlagi Guðjóns Helgasonar vegavinnuverkstjóra, föður Halldórs Laxness.

Jónas Magnússon í Stardal, sem var vegavinnuverkstjóri um áratugaskeið, hóf störf sín að vegamálum undir verkstjórn Guðjóns og ritaði á sínum

tíma grein um hjónin frá Laxnesi, Guðjón Helgason og Sigríði Halldórsdóttur. Birtist greinin í Lesbók Morgunblaðsins í apríl árið 1967. Þar segir Jónas svo frá Bringnaveginum:

*Árið 1910 var gerð að nokkurs konar fjallvegi leiðin upp úr Mosfellsdal ofan Laxness, um Mosfellsbringur, þaðan upp Suðurmýrar og upp þaðan á Þingvallaveg um Borgarhóla. Þessi umferðarleið var aðallega gerð sem reiðvegur og varð mjög vinsæl, þar sem allir ferðudust þá á bestum og lengi síðan. Þessi leið var einkar bentug lausriðandi fólki, hvort heldur var að austan eða frá Reykjavík um Mosfellsveit á austurleið um Þingvöll. Það stytti leiðina til muna og alls staðar*



**Sigríður og Guðjón. Myndin mun tekin skömmu eftir að þau giftust.**

*greiðfær og skemmtileg riðandi fólki og mátti einnig vel fara þarna á milli með bestvagn.*

*góður bagi og sjálfur Mosfellsheiðarvegurinn styttist stórlega.*

*Guðjón í Laxnesi átti mestan þátt í að fá þessa leið viðurkennda með fjárframlögum úr Landssjóði árlega til að gera hana sæmilega færa, og var unnið að endurbótum þessarar leiðar í nokkur ár með því að leggja veg yfir blautar mýrar og mólbera þá kafla, brúa rásir og skurði, ryðja holt og þurr-lenda móa, og varð þessi leið ágætlega*

## Aðventutónleikar

Um miðjan desembermánuð voru haldnir aðventutónleikar í Mosfellskirkju á vegum menningarmálanefndar Mosfellsbæjar. Var þetta í þriðja skipti sem slíkir tónleikar voru haldnir og hafa þeir mælst sérlega vel fyrir. Blásarasveit hefur komið fram ásamt söngkonunni Sigrúnu Hjalmtýsdóttur en þessi flokkur gengur undir nafninu *Diddú og drengirnir*.

# Bjarni Indriðason frá Víðigerði

f. 2. nóvember 1948, d. 27.12. 1999.

Skarð hefur verið höggvið í fámennan og samstæðan hóp vinnufélaga við fráfall Bjarna Indriðasonar, fráfall sem kom í opna skjöldu ofan í jólahátíðainna, hátíð friðarins. Þegar leiðir skildu fyrir jóla-leyfi benti ekkert til annars en leiðir allra lægju saman á fyrsta vinnudegi á milli jóla og nýárs. Því miður varð raunin ekki sú þegar á hölm-inn var komið, þögn sló á hópinn.

Við kveðjum með trega vinnufélaga okkar en eigum eftir minningarnar um ljúfmenni sem var hvers manns hugljúfi. Bjarni hóf störf hjá Álafossi 1964 og starfaði þar óslitið meðan fyrirtækið hélt velli og síðar hjá Ístexi þegar það tók upp einn þeirra þráða sem fellu niður við gjaldprot Álafoss. Á Álafossi kynntist hann eiginkonu sinni, Aðalheiði Steingrimsdóttur, sem einnig er starfsmaður Ístex.

Bjarni var alla tíð virkur félagi í félagsstarfi Starfsmannafélagsins og sat oft í stjórn þess. Þá gegndi hann einnig starfi trúnaðarmanns starfsfólks í verk-smiðjunni um nokkurt skeið. Öll störf sín rækti hann af samviskusemi og var ævinlega boðinn og búinn að rétta hjálparhönd, gerðist þess þörf. Bjarni var dagfarsprúður og hafði eintaklega þægilega skapgerð. Það var gott að vinna við hlið hans, dugnaður var honum í blóð borinn og samstarfsmenn

vissu ævinlega hvar þeir höfðu hann þótt ekki væri alltaf fyrirferðinni fyrir að fara. Vildu menn karpa þurfti að leita á önnur mið en til Bjarna.



Síðasta samverustund okkar með Bjarna var hin árvissa jólamáltíð Ístex sem að þessu sinni var daginn fyrir Þorláksmessu, en máltíðin markar upphaf jólahátíðarinnar hjá mörgum okkar. Gleði skein úr hópnum enda hátíð fyrir höndum. Eftir að hafa snætt saman, skipst á gjöfum og

óskum um gleðileg jól fór hver til síns heima til að leggja síðustu hönd á undirbúning jólanna. Engan renndi í grun að næst þegar hópurinn kæmi saman væri hann einum manni fátækari en sagt er að enginn ráði sínum næturstað og sannast það nú sem áður.

Minningin um góðan féлага verður okkur ávallt kær.

*Fyrir hönd starfsfólks Ístex,  
Jóhanna Sigrún Thorarensen.*



**ÍSFUGL**  
Kjúklingur er kjörin fæða!

# Jóhann Kr. Jónsson

## Dalsgarði

f. 16. apríl 1917, d. 30. janúar 2000

Það var rétt eftir stríð og fólk var að streyma heim eftir margra ár útlegð. Þar á meðal var Jóhann Kr. Jónsson garðyrkjumaður nýgiftur danskri konu, góðum kvenkosti var sagt. Mér var boðið heim til foreldra hans, Sigríðar Pétursdóttur og Jóns Jóhannssonar skipstjóra á Stýrimannastíg 6, til að heilsa upp á þau hjónin, en við Jói vorum alin upp í þessu hverfi, því ég var á Bárugötu. Mæður okkar voru æskuvinkonur úr Breiðafirði. Ég get ekki minnst á Sigríði nema að geta þess að hún var skemmtilegasta kona sem ég hef kynnst.

Jóhann var búinn að mennta sig í garðyrkju í Þýskalandi og Danmörku og þótti með afbrigðum framsækinn garðyrkjumaður og frumkvöðull í mörgu viðvirkjandi garðyrkju. Það vildi svo til að þau hjónin fluttu upp í Reykjavík í Mosfellsdal, þar sem Jóhann tók við forstöðu garðyrkjubús Reykjavíkur. Hann setti síðar upp sjálfstætt garðyrkjubú sem hann nefndi Dalsgarð í Mosfellsdal. Þar hófust strax miklar framkvæmdir,

mikil hestamennska og átta börn fæddust. Jóhann talaði aldrei um erfiðleika, svo ég geri það ekki heldur. Við vorum alltaf miklir auðsugestir í Dalsgarði.

Birta tók að sér að innrétta þetta hús mitt og teikna allt sem var smíðað í það meðan hún var á Stýrimannastíg. Hún var fyrsti innanhúsarkitekt landsins og auk þess útlærður húsagnasmiður. Svo kom Jói og plantaði í blómagluggann, þ.á.m. gríðarstórum bambus, sem stóð árum saman.

Heimilið í Dalsgarði var ólíkt öllum öðrum, þangað voru allir velkomnir, háir sem lágir, borðuðu þar betri mat en annars staðar þangað til allt var húið þann daginn.

Jóhann Jónsson var glæsilegur maður og mjög smekklegur. Oftast var hann í vinnugalla, en þegar hann klæddi sig upp á, var hann smartari en allir aðrir. Hann hafði svip af sinni Svefneyjarætt.

Minningar okkar eru allar á einn veg, alltaf veisla, stærri og meiri en annars staðar. Þegar Jóhann varð áttræður skrifuðu 300 manns í gestabókina. Var sú veisla haldin í gróðurhúsunum og allt var heimagert og útbúið af þessu myndarlega fólki í Dalsgarði.

Jóhann minn, ég kveð þig og þakka samveruna hér í Dalnum í 55 ár.

*Auður Sveinsdóttir Laxness.*




Ferðapjónustan

Frá hvirfli til ilja

Sími: 566 7098 / 899 5198

Fax: 566 7091

Bjarki Bjarnason



## „Fákurinn brúni bíður þín“

Halldór Laxness segir frá ýmsum Dalbúum í endurminningabókinni *Í túninu heima*, m.a. frá Kristjáni bónda frá Minna-Mosfelli sem iðkaði sönglist í Laxnesi ásamt öðrum Dalbúum.

„Góndi ég á Kristján sýngja bassann en heyrði ekki hvað hinir söngu; einkum og sérilagi undraðist ég hve barkakýlið hreyfist fallega upp og niður á mönnum sem sýngja bassa.“, segir Halldór. Kristján á Minna-Mosfelli flutti snemma húferlum úr Dalnum ásamt konu og börnum. (Eitt barna hans var Oddný sem ritaði greinina *Æskutíð* í Dalalæðuna 1999.)

Svo liðu mörg ár. Eitt syskinanna frá Minna-Mosfelli hét Sigurjón (1908 - 1990). Hann gerðist bóndi í Forsæti í Villingaholtshreppi og um það leyti sem Halldór Laxness er að undirbúa ritun á bernskuminningum sínum úr

Dalnum kemur fólk úr Reykjavík að Forsæti með upptökutæki. Tilgangurinn var að safna gamalli tónlist af vörum þjóðarinnar; Sigurjón bóndi rifjar upp þulu eftir Theódóru Thoroddsen og syngur :

*Sólrún, Gullbrá, Geislalín!  
gakk í hundinn fríða,  
fákurinn brúni bíður þín,  
bæði skulum við ríða,  
fram til hlíða  
fram til Lambahlíða.*


En lagið, Sigurjón; eftir hvern var lagið? spyr upptökufólkið.

Það varð til hjá okkur systkinunum á Minna-Mosfelli fyrir 60 árum, svaraði Sigurjón bóndi í Forsæti sem einu sinni var ungur drengur í Dalnum.

*Pilus*  
*Hársnyrtistöfa*



Hársnyrting við allra hæfi  
Kjarna, Þverholti 2 – Sími 566 6090



ÞÓRÁ

# Hlíf Gunnlaugsdóttir frá Æsustöðum

f. 9. mars 1911, d. 23. ágúst 1999

Örlagatímar voru yfir Evrópu. Ísland var í jaðri hildarleiks. Foreldrar voru hræddir um börnin sín. Árið var 1941. Reykjavík var hersetin. Þetta var árið sem ég fæddist. Móðir mín var örugg með mig. Faðir minn vildi koma okkur í öruggt skjól.

Æsustaðir í Mosfellsdal urðu valið. Ekki veit ég af hverju. Við því fæ ég aldrei svör en fyrir mig var það mikið lán að koma að Æsustöðum. Fá að dvelja þar undir verndarvæng sæmdarhjónanna Hlífur Gunnlaugsdóttur og Hjalta Þórðarsonar. Við mamma fluttum inn á loftið í gamla hænum. Þar var þá fyrir önnur fjölskylda. Húsið var ekki stórt, herbergin smá, en það sannaðist þar máltækið að þar sem er hjartarúm er húsrúm. Eldhúsið var í kjallaranum, stofur á miðhæð og þau hjónin áttu eina dóttur sem var mér sem eldri systir. Þarna hjuggum við mamma í næstum tvö ár, öruggar frá andrúmslofti stríðsins í Reykjavík.

Á þessum fyrstu árum mínum þarna eignaðist ég hjartarúm í stóru hjarta Hlífur. Öll sumur upp frá því, öll jól, páska og skólafrí fór ég beint heim að Æsó. Kýrnar, hæurnar og gróðurhúsið urðu minn starfsvettvangur svo fljótt sem ég gat farið að röltu um. Í lág-reistu fjósinu hlustaði ég á bóndann og organistann í sókninni syngja ættjarðar-

lög, sálma og óperulög svo undirtók. Kýrnar hlustuðu andaktugar við taktfastar hunur úr spenunum. Hjalti bóndi brosti sínu fallega brosi. Þær mjólka miklu betur ef sungið er fyrir þær.

Svo hljómaði orgelið í litlu stofunni á Æsó á kvöldin svo mér fannst eins og ég væri í undursamlegum hljómleikasal. Ég sat hugfangin kvöld eftir kvöld með mjólkina mína og kekköku og teygadi í mig hin fegurstu tónverk.

Hjalti minn, sagði Hlíf ávallt. Hann Hjalti minn þarf að spila og ég fann er hún sagði þetta að í hjarta þessarar traustu konu vestan af fjörðum ríkti skilningur á fegurð tónanna og þeirri lífsfyllingu sem tónlistin veitti bóndanum á Æsustöðum.

Hlíf var alin upp við hörkudugnað og baráttu en Hjalti var tónlistarmaður og söngmaður í hjarta sínu sem varð að sjá sínum farborða af störfum bóndans. Hlíf gaf honum tækifærið, skildi gleði hans og þrár. Hendur hennar voru sístarfandi við plöntur í gróðurhúsinu, við handavinnu, útivinnu eða við vinnslu matar fyrir heimilisfólkið eða gerð vetrarforðans. Hlíf sauð niður kjöt og grænmeti sem var betra en ég hef fengið annars staðar. Myndarskapur hennar var til fyrirmyndar. En skoðanir hennar á mönnum og málefnum voru skarpar. Ekki endilega til að





skapa vinsældir, ekki var hún endilega jámaður allra.

Hlíf var um margt einstök kona. Hún var traust eins og klettur og vildi halda utan um fólkið sitt. Örlög þess voru hennar örlög, dóttir hennar Þuríður og börnin hennar voru stolt hennar. Hún ljómaði þegar hún ræddi um fólkið sitt. Eins fékk ég ávallt að njóta velvildar hennar og börnin mín. Síðustu árin var hún illa haldin af hjartveiki en hugur hennar var ótrúlega ferskur. En hún sagði oft að hún væri farin að hlakka til að hitta hann Hjalta sinn.

Nú er hún gengin þessi einstaka kona, húsfreyjan á Æsustöðum í Mosfellsdal. Konan sem veitti mér öryggi og hlýju. Konan sem gaf mér hlutdeild í móðurást sinni. Hafi hún þökk fyrir. Í hjarta mínu hvílir mynd hennar um alla mína daga. Megi góður Guð færa henni aftur hann Hjalta sinn.

*Dröfn H. Farestveit.*

## Dalbúar fyrr og nú!

Fjölmennum á þorrablótíð  
í Fólkvangi þann  
12. febrúar.

**Húsið opnar  
kl. 19.**

**MF**


Sigurður Skarphéðinsson  
Grænumýri 5 – Sími 566 7217

## Grasavinafélagið

Túnþökusala  
Reykjavegi 65  
S - 8560700/8960700



## ÁSLÁKUR



*Inga Erlín*

VINNUSTOFA ÁLAFOSSVEGI 18  
GALLERÍ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 5

# Tilgáta um landnámsjörð Mosfellinga

Landnámsjörð Mosfellinga er samkvæmt Hauksbók og Sturlubók Landnámu Skeggjastaðir, nefndir eftir Þórði skeggja Hrapssyni, Bjarnarsonar hunu. Þórður nam land milli Úlfarsárs og Leiruvogs „með ráði Ingólfs í hans landnámi á milli Úlfarsár og Leiruvogs“ segir í Landnámu. Skeggjastaðir eru því samkvæmt þessu fyrsta og elsta jörðin í gömlu Mosfellsveitinni. Jarðarinnar er mjög sjaldan getið í heimildum. Utan Landnámu er hún nefnd 1395, er þá talin 12 hundruð og í eigu Viðeyjarklausturs. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur ályktar frá þessum heimildum að Skeggjastaðir hafi farið í auðn á 15. öld eða fyrri hluta 16. aldar og er svo til 1688 en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 segir svo: „Skeggjastaðir, forn jörð byggð úr auðn fyrir 16 árum“. Eigandi jarðarinnar var þá kongl. Majestat. (Jarðabók ÁM og PV, III: 322-323.)

Hvergi er Skeggjastaða minnst í Alþingisbókum allt tímabilið 1570-1800 þannig að óvenjulega hefur verið þögult um jörð þessa í heimildum. Hún virðist aldrei hafa verið seld, veðsett eða notuð sem skiptimynt í makaskiptum. Skeggjastaðir voru í eigu ýmissa frá 19. öld. Í Jarðatali 1847 eru Skeggjastaðir í bændaeign, ein-

ungis 5 hundruð og 1 kúgildi. Það er þetta lága jarðamat sem er ærið grunsamlegt. Landnámsjörð getur tæplega verið 12 hundruð hvað þá einungis 5!!! Líklegt er að þessi jörð sem nefnd hefur verið Skeggjastaðir sé einungis hluti upphaflegu jarðarinnar.

Mosfell er höfðingjasetur undir lok 10. aldar. Þar býr Önundur faðir Hrafnas sem keppti um ástir Helgu fögru við Gunnlaug ormsungu. Hrísrúar og Mosfells er getið snemma í heimildum vegna kirkjunnar og frægt er í sögunni. Jarðamat Hrísrúar 1704 er 28 hundruð en jarðamat Mosfells er ekki getið en var lengi vel talið 40 hundruð en er síðar fært niður í 30. Hlaðgerðarkot, Norður-Reykir og Æsustaðir eru sameiginlega metnar á 30 hundruð. Minna-Mosfell er einungis 10 hundruð og er fyrst getið í heimildum frá siðskiptatímum, Laxnes 15, Hraðastaðir 10 og Helgadalur sömuleiðis 10 hundruð.

Spurning er hvort Mosfell, Minna-Mosfell og Skeggjastaðir hafi ekki verið landnámsjörðin sameiginleg og hugsanlega fleiri, t.d. Laxnes, Hraðastaðir og Hrísrú. Þegar Skeggjastaðir eru byggðir að nýju undir lok 17. aldar kann að hafa verið beitarhús og sel frá Mosfellsbæjunum þar innfrá. Í Jarðabókinni 1704 er minnst á selstöðu frá Minna-Mosfelli „þar sem nú eru Skeggjastaðir“. Víða hafa jarðir um allt Ísland verið byggðar á þennan hátt út frá sömu forsendum. Þegar þetta er haft í huga má skýra ýmist betur í byggðarsögu Dalsins.

# Mosraf

# Pórður Axelsson frá Hraðastöðum

f. 12. júlí 1948, d. 6. nóvember 1999

Pórður Axelsson fæddist í Reykjavík 12. júlí 1948. Foreldrar hans voru Hulda Ásgeirsdóttir húsmóðir og Axel Eyjólfsson húsgagnasmíður. Pórður lauk námi í innanhúsakitektúr árið 1971, starfaði síðan hjá Axis hf. til 1987 er hann tók við rekstri Selkó hf., innréttingasmíðju. Hann starfaði þar uns heilsan brást í febrúar 1996. Pórður kvæntist Grímhildi Hlöðversdóttur árið 1973 og eignuðust þau tvær dætur sem heita Hulda, f. 1971, og Herdís, f. 1973.



mennsku á meðan heilsa þín leyfði. Þú varst mjög virkur í öllu sem viðkom hestamenskunni. Varst t.d. dómari á mörgum hestamótum. Þú varst lánsamur þegar þú kynntist Grímhildi konu þinni. Þið byrjuðuð búskap í risibúð á Hverfisgötu og keyptuð þið síðan hús upp í Mosfellsdal. Þar undir þú þér vel, enda fallett umhverfi, með hesthúsið og hestana þína á lóðinni.

Okkur er ofarlega í huga öll ferðalögin sem við og þið Grímhildur fórum í, bæði hér heima og erlendis. Það var ávallt skemmtilegt að vera með ykkur og þú ávallt hrókur alls fagnaðar og þökkum við fyrir allar samverustundirnar.

Blessuð sé minning Pórðar Axelsonar.

*Eyjólfur og Sólveig.*

Kæri bróðir og mágur.

Þá er langri og erfiðri baráttu lokið. Þú varst allt of ungur, þegar alvarleg veikindi lögðu þig að velli í blóma lífsins. Þetta er húinn að vera erfiður tími fyrir þig og þína nánustu. En nú vitum við að þú ert kominn þangað sem við öll lendum.

Snemma kom í ljós kappsemi og dugnaður í fari þínu. Mér er svo minnisstætt þegar þú varst lítill strákur og komst inn og óskaðir eftir að eignast strigaskó eins og Jenni vinur þinn átti því hann hlypi hraðar en þú og og það var bara út af strigaskónum hans!

Ungur fórst þú að vera í sveit á sumrin, og hændist mjög að dýrum. Sérstaklega urðu hestar þér mjög kærkomnir enda stundaðir þú hesta-




# Fundið Laxnes

*Eyjólfur Guðmundsson frá Hvoli í Mýrdal  
itaði á sínum tíma tvær endurminning-  
arbækur sem heita Afi og amma (útg.  
1941) og Pabbi og mamma (útg. 1944).  
Eyjólfur segir fyrst og fremst frá foreldrum  
og afa sínum og ömmu og þeirra tímum  
austur í Mýrdal. Foreldrar Eyjólfis, Guð-  
mundur Ólafsson og Guðrún Þorsteins-  
dóttir, fluttu árið 1888 að Laxnesi og segir  
svo frá ferðalagi þeirra úr Mýrdal í Mos-  
fellsdal í bókinni Pabbi og mamma bls.  
238 o.áfr.:*

Hvöss á brún og bláklædd blasti Esja við þegar búferlarnir lögðu upp frá Kolviðarhóli. Heitur sumardagur og heiðskír himinn. Niður við nes og voga dillaði allt í tíbrá. Allt sýndist þar á ferð og flugi. Guðmundur var öllum vegum kunnugur og tók beina stefnu frá Múlanum milli Grímmannsfells og Borgarhóla að sjá þvert yfir Mosfellsheiði. Þessi leið var til muna styttri til Laxness heldur en að fara þjóðveginn. Er þau höfðu nokkra stund haldið ferðinni áfram, var svo villt fyrir þeim, að með engu móti gátu þau haldið réttu leið. Guðmundur hafði aldrei villzt, hvernig sem veður var, kunni hann þessu illa að geta ekki ratað þessa skömmu leið í gladasólskini. Allan daginn flæktust þau um Mosfellsheiði og komu ferðapreytt og armædd að Miðdal í Mosfellsveit seint á degi. Þar hvíldu þau sig og þágu hressingu hinna góðu Miðdalshjóna.

Guðrún var þá mjög ferðalúin, en sagðist þó vilja halda áfram að leita uppi Laxnes. Og riðu þau um nóttina um Reyki og þaðan í Mosfellsdal. Nóttin var hjört, og dögg hvíldi á jörð, svo að votri gufu brá yfir láglendi í dalnum.

Á hálsinum upp frá Norður-Reykjum



**Eyjólfur  
Guðmundsson.**

hvíldu þau sig og litu yfir dalinn. Mosfell blasti við, og spyr Guðrún, hvort sá bæri sé Laxnes, og benti þar á alla bæi, sem til sást. Enginn þeirra hét Laxnes. „Hvar er þá Lax-

nesið okkar, eða erum við ennþá villt?” Beint upp frá Víðinum sáust þá lágvaxnar þústir, sem jarðdöggin nær huldi, þar var Laxnes fundið. Það fór hrollur um Guðrúnu að halda heim að þessum kofum. Hafði hún þó ekki getað hugsað sér þá eins og þeir litu út, þegar komið var heim. Ómurlagt var að líta þar allt land og hús og vera horfin frá fegurstu bújörð og höfðingshúsum í Mýrdal og hafa þráð þessa breytingu árum saman.

Laxnes var niðurnútt hreysi. Í staðinn fyrir rúmgóða Fellsbaðstofuna og stafnpil-in þar var nú komin samanfallin baðstofu-kytra með moldargólfi að hálfu leyti. Moldarkampar með seilingarlengd inn að gluggarúðunum. Litu þessir gluggar út eins og vindaugu. Búr og eldhús voru í sama stíl. Kringum bæinn var mýrarsvakkí og þýfður túnbali. Hvergi lá vegur heim nema troðningar yfir mýrar; og það lá allt umhverfis bæinn. En kargapýfður árbakki þar niður frá var aðaltúnið og hét Rani. En Laxnesland var sauðland gott og vel til beitara fallið, víða kjarri vaxið og talið taka

fram flestum jörðum í dalnum. Það eina, sem aðlaðandi var þá í Mosfellsdal, var ná-grennið. Það var eins gott og heilbriggt og bezt mátti kjósa.

*Hér lýkur frásögn Eyjólf's Guðmundsson-ar frá Hvoli um foreldra sína. Þau Guðrún og Guðmundur bjuggu ekki lengi að Lax-*

*nesi enda komin á efri ár þegar þau fluttu þangað. Síðan var jörðin seld Páli Vídalín brossakaupmanni sem hófst banda við að reisa íbúðarhús það sem enn stendur í Laxnesi. Í bókinni Pabbi og mamma eru býsna fróðlegar lýsingar úr dalnum og greint frá ýmsum „Moskovítum“ á ofanverðri 19. öld.*

## Dalvísur eftir Snorra Gíslason

Frá Melkoti niðri Laxnes sést og hestar túnin naga. Ungfrúin óða telur best þetta í snatri að laga.

Baráttan bónda var í vil og ei þurfti hann að hvetja. Hestaskít Póri bauðst nú til kringum Melkot að setja.

Ég orðspor Badda ei rýri hann alltaf er eitthvað að bauka. Hann hrossin sín sendi í Hveramýri til að snæða lauka.

Allt fyrrasumar prestfrúin hélt uppi hestavörnum.

Svona hjálpar guðstrúin alltaf sínum börnum

Í Hveramýri partý var er kvennareid stóð yfir. Mest var nú af körlum þar sú minning lengi lifir.

Þar Reynir Hólm drakk vín af stút þótt ei sé fylliraftur. Fjörum sinnum hent var út en alltaf kom inn aftur.

Hetjutenórinn á Grund gott var að fá hann í dalinn. Hann kátur er á góðri stund og ekki af feimni kvalinn.

## Sumar- markaður

Sumarmarkaðurinn í Mosskógum festist í sessi með hverju árinu sem líður. Markaðurinn er haldinn þegar líða tekur á sumarið og er orðinn árviss uppskeruhátíð hér í Dalnum.



Sölumennirnir Sveinbjörn á Heiðarbæ og Gísli í Dalsgarði.

# Andrés G. Ólafsson Laugabóli

f. 27. ágúst 1938, d. 17. febrúar 1999

Það sem kom fyrst upp í hugann við þá sorglegu frétt að Andrés frændi minn á Laugabóli væri látinn var söknuður við lát þessa manns. Alltaf virtist hann hress og kátur og með þetta sérstæða, fallega og hlýja bros sem alltaf virtist svo stutt í.

Það er margs að minnast frá þeim rúmu þrjátíu árum sem ég hef húið í nágrenni við þau hjónin, Andrés og Valgerði. Gagnkvæm virðing og samheldni þeirra hjóna var að mínu mati alveg sérstök enda tókst þeim að mynda mjög fallett heimili og gróðrarstöð þar sem allt var í röð og reglu hvert sem litíð var.

Andrés tók virkan þátt í flestum verkefnum er varðaði almenning innan sveitarinnar og má þar m.a. nefna stofnun vatnsveitu sem var mikið átak á sínum tíma. Um þessa framkvæmd sáu garðyrkjubændur í Dalnum en þar var Adli fremstur í flokki góðra manna. Þessar framkvæmdir tóku mikinn tíma og má segja að oft hafi vinnudagurinn orðið nokkuð langur. Eins var hann

einn af stofnendum Björgunarsveitarinnar Kyndils en þeir bræður Erlingur og Andrés voru þar fremstir í flokki.



Andrés var mikill málafylgju- maður og þrátt fyrir hægláta framkomu var hann fastur fyrir. Þessum eiginleikum hafa samherjar hans í garðyrkjunni tekið eftir og nýtt sér því honum voru falin mörg, margvísleg og vandasöm trúnaðarstörf í þeirra þágu.

Fyrir tveimur árum kom ég að máli við Adda og spurði hvort hann væri ekki til í að skella sér í bæjarpólitíkina. Það færðist bros yfir andlitíð og hann hristi kollinn og sagðist þurfa að helga starfskrafta sína málefnum garðyrkjubænda því framundan væru „erfið mál“ sem hann þyrfti að ganga frá. Vonandi hefur honum tekist ætlunarverkið því það var ekki honum líkt að hætta við hálfnað verk.

Minningin um þennan góða mann mun ylja okkur um ókomna tíð.

*Gísli Snorrason.*



**SS GÍSLASON**  
**VIÐGERÐIR H.F.**  
SMIDSHÖFÐI II

**SÍMI: 587 2060**


# Rjómaveisla á Mosfelli

Árið 1814 kom enski ferðamaðurinn Ebenezer Henderson í heimsókn til landsins og dvaldi hér á árunum 1814 - 1815. Hann beitti sér m.a. fyrir stofnun Hins íslenska biblíufélags og þegar heim kom ritaði hann merkilega ferðabók sem þýdd hefur verið á íslensku og heitir „Ferðabók - Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814-1815 með vetursetu í Reykjavík”.

Snemma morguns þ. 26. júlí 1814 lagði Henderson af stað úr Reykjavík í langferð um landið. Hann kom að Mosfelli en þá hjuggu þar séra Markús Sigurðsson (1758-1818) og kona hans, Elín Jónsdóttir (1773-1843). Henderson segir svo frá í ferðabók sinni:

Fyrsti leiðarspöluurinn var alls ekki til þess fallinn að vekja hjá okkur háar hugmyndir um landið, því lítið var að sjá annað en endalaus mela og hraunmulning. Á vinstri hönd, í ekki allmikilli fjarlægð, höfðum við fjallgarðinn austur af Esju, en vesturendinn blasir við úr Reykjavík. Spottakorn fram undan, á sömu hönd, lá Skálafell, og gnæfðu pýramíða-tindar þess hátt yfir þokubeltið.

Nálægt miðaftni komum við að Mosfelli, sem stendur á hæð, og er þaðan mikil útsýn, þó að nokkuð sje hún hrjóstrug. Kirkjan er úr timbri, en torfveggir eru um hana



**Ebenezer  
Henderson.**

og á henni torfþak. Ekki eru á henni nema tveir litlir gluggar á austurgaffli og þakgluggi á suðurhlíð. Öll er kirkjan ekki nema þrettán fet á lengd og níu á breidd. Prestinn hittum við ekki heima, en kona hans setti fyrir okkur gnægð af

ferskum rjóma og okkur var það sönn ánægja, hve frjálsmannlega og fimlega hún gekk um beina.

Þegar við fórum frá Mosfelli, lá leið okkar um heiði, sem frá vestri til austurs, eins og leið okkar lá, er fyrir víst ekki undir átján enskum mílum. Var þetta í mesta máta ömurleg leið. Í meir en fimm stundir sáum við alls enga byggð, og ekki heldur nokkra lifandi veru, nema fáeinar heiðlour, sem með angurværum söng sínum gerðu ekki annað en að auka á ömurleika umhverfisins. Um miðnætti náðum við vesturenda Þingvallavatns og stönzuðum á kotbæ, er nefnist Skálabrekka.

## Verið velkomin



Starfsfólk Íslandsbanka Mosfellsbæ  
Þverholti 6 • 276 Mosfellsbæ • Sími 5-666080

Gróðrarstöðin  
Dalsgarður

# ANNÁLL ÁRSINS 1999

## ÞORRABLÓT 1999

Þorrablót Dalbúa var haldið af miklum myndarþakap í Fólkvangi þ. 13. febrúar. Matargestir voru um 150 og var mikið fjör og allir ánægðir með teitið. Lúðrasveit Dalbúa „Brak og brestir“ var í hörkusveiflu og gestaleikari frá sinfóníunni sem fékk að leika með komst í slíkt stuð að hann hélt áfram með danshljómsveitinni. Húsið hafir vel samkomu af þessari stærð og verður næsta blót á sama stað.

## GRÓÐURREITUR

Ekkert varð úr vorverkum í trjálundinum okkar en með haustinu voru fengnar lifandi sláttuvélar hjá Signýju hrossabönda á Furuvöllum og snyrtu þær vel í kringum trén og var vel fært um svæðið eftir það. Eithvað þarf að laga til á næsta vori og mun gróðurnefnd undir stjórn Dunu í Melkoti stjórna gróðurverkunum þegar klaka leysir úr jörð.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Víghóls var haldinn þ. 3. desember í golfskálanum á Bakkakotsvelli. Mæting var þökkaleg, 16 áhugasamir Dalbúar mættu. Boðnar voru léttar veitingar og margt var rætt. Sýndur var hluti úr myndbandinu „Minjar í Mosfellsdal“ sem hefur verið í vinnslu sl 1 1/2 ár á vegum Víghóls. Vonast stjórn Víghóls til að fá góðar viðtökur þegar myndbandið kemur í sölu á næstu dögum.

## ERINDI TIL BÆJARSTJÓRNAR

Stjórn Víghóls hefur reynt að ýta við ýmsum málum sem varða dalinn, bæði við bæjarstjórn og aðra aðila. Í mörg ár höfum við bedið um að gert verði fært með hesta undir brúna í Víðiroddanum. Vonandi rættist sú ósk okkar því mikil hætta getur skapast þegar verið er að fara á hestum yfir götuna þar sem algengt er að ekið sé á um og yfir 100 km hraða þótt 70 km hámarkshraði gildi hér í dalnum. Þá hefur lengi verið á dagskrá að fá götulýsingu frá Áslandi í dalinn og fer vonandi að stytta í það. Mikið hefur verið kvartað um lélegt GSM samband í Mosfellsdal og jafnvel að slíkir símar séu alveg sambandslausir þegar komið er í dalinn. Þarf nauðsynlega að fá úrlausn í því máli.

## ÁRAMÓTABRENNA

Nú er svo komið að draugar sunnan úr Evrópu eru búnir að kæfa flestar áramótabrennur með reglugerðafaragani, meira að segja lengst uppi í sveit á Íslandi. Þess vegna var bara haldinn áramótavardeldur í Dalnum, en því meira fór fyrir hinni frábæru lúðrasveit Dalbúa „Braki og brestum“, sem fór á kostum og spilaði við vardeldinn í klukkutíma við góðar undirtektir sönglaðra Dalbúa. Heyrst hefur að hróður lúðrasveitar Dalbúa hafi borist svo víða að hljómplötuframleiðendur séu að falast eftir upptökum!!! Bæjarstjórn hefur verið svo vinsamleg að láta okkur í té hljómsveitarpall sem veitir hljóðfæraleikurunum skjól og víst er satt að ekki frjósá lengur tónar í lúðrum eins og oft gerðist hér áður fyrr við áramótabrennurnar þegar ýmist var staðið í klakahröngli upp að hnjám eða vart sá handa skil í blindhyl en samt var reynt að blása.

## MYNDBANDSGERÐ

Síðastliðið 1 1/2 ár hefur verið í vinnslu myndband, sem Víghóll fékk styrk til að gera. Verk þetta hefur að miklu leyti verið unnið í sjálfboðavinnu en allan lokafrágang hefur þurft að kaupa. Nú er myndbandið að verða tilbúið til dreifingar og mun stjórn Víghóls hafa það til sölu á næstunni. Þarna er að finna ómetanleg viðtöl við gamla Dalbúa og vonast stjórn Víghóls eftir góðum viðtökum. Þetta myndband er gersemi sem allir Dalbúar ættu að eignast. Höfundur handrits er Bjarki Bjarnson, myndatöku og klippingu annaðist Hlynur Helgason og tónlistastjórn annaðist Þorkell Jónsson. Stjórn Víghóls vill færa bestu þakkir þessum mönnum svo og öllum öðrum sem lögðu verkinu lið svo sem Ásgeiri Eiríkssyni fyrrverandi forstöðumanni menningarmálasviðs bæjarins og bæjarstjórn Mosfellsbæjar sem styrkti okkur til verksins.

## DALALÆÐAN

Mikið hefur verið falast eftir eldri árgöngum Dalalæðunnar og er í undirbúningi hjá stjórn Víghóls að endurútgefa læðuna í heild sinni. Verður hún til sölu og geta þeir sem vilja festa sér heildarútgáfuna haft samband við Auði í síma 566-6587.

*Auður Eiríksdóttir*